

Sp.

375. Tillaga til þingsályktunar

um póstsamband milli Íslands og Ameríku.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita nú þegar samninga við Bandaríkjastjórn um bættar póstsangöngur milli Íslands og Ameríku, enda verði rík áherzla lögð á pósthlutning loftleiðis og að sem minnstar tafir verði á póstinum vegna bréfaskoðunar Bankaríkjanna.

Telji ríkisstjórnin nauðsynlegt að senda fulltrúa til Ameríku til þess að semja um þessi mál, skal henni heimilt fé til þess úr póstsjóði.

Greinargerð.

Verzlunarviðskipti Íslendinga hafa, eins og kunnugt er, færzt meira og meira vestur um haf á undanförunum árum, svo að segja má, að um 80% af öllum innflutningi landsmanna komi nú frá Vesturálfu. Bendir margt til þess, að fyrst um sinn verði ekki á þessu verulegar breytingar, m. a. skrá sú, sem gerð er af nefnd Breta og Bandaríkjamanna í Washington, en þar segir til um það, hvar kaupa skuli hinar ýmsu vörur, sem áætlað er, að fluttar verði inn á þessu ári. Það er því ljóst, að þegar svo er komið, að verzlun landsins hefur verið ráðstafað með samningum til ákveðinna landa, þer að sjálfsgöðu einnig brýna nauðsyn til að tryggja sem bezt allt póstsamband milli þessara sömu landa, því að það er eitt meginskilyrði eðlilegra og hagkvæmra viðskipta, að póstsambandið milli aðilanna geti haldizt öruggt og bréf gengið á milli með sem allra minnstum töfum. En á þessu eru svo miklir annmarkar, sem kunnugt er, að varla er við unandi. Má það teljast hreinasta tilviljun, ef svar við bréfi getur komizt hingað frá Ameríku á tveimur mánuðum. Sjá allir, hversu óþolandi slíkt ástand er í póstsangöngum við það land, sem meginhluti innflutningsins kemur frá. Á sama tíma verða menn þess varir, að blöð, sem gefin eru út í Ameríku, hafa sézt hér fáum dögum eftir útkomudag þar og þá komið hingað eftir öðrum leiðum en venjulegur póstur.

Í því trausti, að ríkisstjórninni takist að fá hagkvæma samninga um þessi mál við viðkomandi aðila, er þáttill. þessi borin hér fram.

Það kann að vera nauðsynlegt, að póst- og símamálastjóri eða einhver annar fulltrúi ríkisstjórnarinnar takist ferð á hendur til þess að semja um þessi mál, og má ekki láta þann kostnað, sem af því kann að leiða, standa í vegi fyrir því, að þessum málum verði komið í viðunandi horf. Hefur því þótt rétt að setja einnig ákvæði um þetta atriði í tillöguna.